

Ofbeldi gegn fötluðu fólki í ljósi CRPD

Mannréttindastofnun Íslands (MAÍ)

Kynning fyrir Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

5. febrúar 2026

Ofbeldi gegn fötluðu fólki í ljósi CRPD

Í alþjóðlegum mannréttindarétti er ofbeldi ekki einungis skilgreint sem atvik eða refsiverð brot milli einstaklinga, heldur einnig út frá hvernig grundvallarréttindi eru varin og tryggð.

Ofbeldi er, í því ljósi, þverlægt brot sem snertir mörg efnisákvæði CRPD s.s.:

Eðlislæg reisn og sjálfræði

Jafnræði og bann við mismunun

Réttur til lífs, frelsis og öryggis

Bann við illri, ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð

Réttur til að njóta löghæfis og stuðnings við ákvarðanatöku

Sérstök og afmörkuð verndarregla um ofbeldi er að finna í 16. gr. samningsins, sem gerir stjórnvöldum skylt að koma í veg fyrir, greina, rannsaka og bregðast við ofbeldi.

Gagnaöflun og mannréttindi (31. gr.)

CRPD krefst gagnaöflunar sem byggir á kröfum um réttmæti og áreiðanleika til að:

- Greina algengi og mynstur ofbeldis og reynslu fólks
- Meta áhrif stefnu og aðgerða
- Styðja við forvarnir og vernd

Hins vegar gildir að:

- Gögn segja ekki alla söguna og geta verið flókin að gefnu tilliti til sönnunarkröfu/áreiðanleika
 - Ofbeldi getur bæði verið ósýnilegt og tvírætt í gögnum
- ✓ Tölfræði er nauðsynlegt verkfæri til kortlagningar, en óljóst hvort hún sé góður mælikvarði á umfangi

Skyldur stjórnvalda

Samkvæmt CRPD ber ríkinu því að gera allar tiltækar ráðstafanir til að:

Fyrirbyggja ofbeldi

Vernda fatlað fólk gegn ofbeldi

Tryggja réttarbætur og úrræði fyrir þolendur

Fjarlægja kerfislægar orsakir ofbeldis

Kerfislægir áhættuþættir

Alþjóðleg mannréttindagreining á ofbeldi beinist að:

Stjórnsýslulegri og stofnanalegri áhættu

Kerfisbundinni vanrækslu

Valdaójafnvægi og valdskerðingu

Viðhorfslegum og menningarlegum hindrunum

Stjórnsýsluleg og stofnanaleg áhætta

Metið er hvort eftirfarandi þættir séu sem dæmi til staðar:

Skýr ábyrgð, samræming og focal points

Skýrar stefnur og markvissar aðgerðaráætlanir

Virk og reglubundin þátttaka fatlaðs fólks í ákvörðunum og eftirliti

Samráð við samtök fatlaðs fólks (DPOs)

Mannréttindamiðað og gæðastýrt verklag

Einnig, hvort:

Ákvarðanir séu teknar út frá velferðar- og öryggissjónarmiðum án réttindamiðaðs mats

Skortur sé á virku samþykki og stuðningi við ákvarðanatöku

Til staðar séu kerfislægar undirstöður fyrir valdbeitingu, nauðung og þvingun

Kerfisbundin vanræksla

Áhætta á ofbeldi eykst m.a. þegar:

Verndarkerfin eru veik eða ósamhæf

Stuðningur til að nýta réttindi sín er ófullnægjandi

- (t.d. persónulegri aðstoð, jafningjastuðningi og lögfræðilegum málsvarastuðningi)

Kvörtunar- og kæruleiðir eru óaðgengilegar

Skortur á málsmeðferðarlegri aðlögun (e. procedural accommodation)

Upplýsingar eru ekki á skiljanlegu formi

Eftirlit er hvorki sjálfstætt né virkt

Valdamisvægi og valdskerðing

Meðal annars greining á því hvort:

Fatlað fólk fái talað fyrir sig sjálft og njóti viðurkenningar sem persóna fyrir lögum

„Bestu hagsmunir“ réttlæti ótilhlýðileg áhrif og íhlutun í sjálfræði

Kerfið styðji með ábyrgum og markvissum hætti við að vilji og sjálfsákvörðunarréttur fólks sé virtur

Fólk hafi tækifæri til að tjá sig og andmæla

CRPD gerir ekki ráð fyrir að yfirvöld taki ákvörðunarréttinn af einstaklingi vegna þess að hann þoli ofbeldi í nánu sambandi. Skyldan er að tryggja honum stuðning, upplýsingar og vernd svo hann geti tekið eigin ákvörðun án þrýstings eða ótta við afleiðingar

Viðhorfs- og menningarlegar hindranir (ableismi)

Kannað hvort:

Ableismi sé „normalíseraður“

Frásagnir og þátttaka fatlaðs fólks þyki jafn verðug

Fötlun sé túlkuð sem skortur á hæfni

Kerfið sýni tregðu til að viðurkenna brot þegar gerandi er ábyrgðar- og þjónustuaðili

Orðræða og umfjöllun ýti undir valdskerðingu

Aðgengi að kvörtunum og vernd

Greining á því hvort:

Kvörtunar- og verndarleiðir séu raunverulega aðgengilegar

Ferlar séu skýrir, einfaldir og skiljanlegir

Fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning og lausn frá aðstæðum

Traust sé til staðar á að kerfið bregðist við með réttindamiðuðum hætti

Réttarbætur og eftirfylgni

Metið hvort:

Brot leiði til raunverulegra úrbóta

Kerfislægar breytingar fylgi í kjölfar alvarlegra mála

Eftirlit sé sjálfstætt, reglulegt og gagnsætt

Reynsla sé nýtt til umbóta í kerfinu

Verndarkerfi, réttarvarsla og mannréttindaeftirlit

Stjórnsýsluleg verndarúrræði

- Taka við kvörtunum, hafa eftirlit með gæðum og framkvæmd og beita stjórnvaldsákvörðunum
- Sveitarfélög, GEV, Úrvel...

Réttarvarsla

- Rannsaka refsiverð brot, vernd gegn alvarlegum hegningarlagabrotum og beiting refsinga
- Lögregla, saksóknarar og dómstólar...

Mannréttindaeftirlit

- Greina stöðu og kerfi, benda á veikleika og gefa tilmæli um úrbætur – styðja við að fólk fái notið réttarverndar og réttarvörslu
- Mannréttindastofnun

Hlutverk MAÍ

- ✗ Rannsakar ekki refsiverð atvik
- ✗ Rekur ekki einstaklingsmál
- ✗ Er ekki kvörtunar- og úrskurðaraðili
- ✓ Safnar upplýsingum og ábendingum
- ✓ Leiðbeinir um réttindi og styður fólk í átt að réttarvernd
- ✓ Greinir kerfi, reglur og framkvæmd CRPD
- ✓ Bendir á kerfislæg brot og stuðlar að umbótum

Hvað þýðir þetta fyrir sveitarfélög?

Spurningar sem sveitarfélög þurfa að spyrja sig:

- Draga þjónustukerfi úr eða viðhalda valdaójafnvægi?
 - Er stuðningur við ákvarðanatöku raunverulega til staðar?
 - Eru kvörtunarleiðir aðgengilegar og öruggar?
 - Er rödd fatlaðs fólks virk í mótun þjónustu og verndar?
-
- ✓ Mannréttindamiðuð framkvæmd stuðnings- og stoðþjónustu ætti að vera forvörn gegn ofbeldi
 - ✓ Þekkt togstreita milli meginreglu umönnunar um að koma í veg fyrir sársauka og meginreglu mannréttinda um viðurkenningu á sjálfræði

Kjarninn

Ofbeldi gegn fötluðu fólki skilgreinist sem mannréttindabrot og kallar á ábyrgð stjórnvalda

Það birtist í kerfum, ekki aðeins í refsiverðum atvikum einstaklinga á milli

Ábyrgð hins opinbera er að breyta þeim kerfum sem geta stuðlað að og viðhaldið ofbeldi gegn fötluðu fólki

Forvarnir byggja á sjálfræði, réttarvernd og inngildri þátttöku fatlaðs fólks

✓ Besta forvörnin er að fatlað fólk fái notið réttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra